

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs.haldinn á Fosshótel Húsavík 6. mars 2018 kl. 15:00.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar (8 af 15);

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir og Ragnar Bjarnason (í síma)
- frá Skútustaðahreppi; Yngvi Ragnar Kristjánsson
- frá Norðurþingi; Kjartan Páll Þórarinsson, Óli Halldórsson og Sif Jóhannesdóttir (í síma)
- frá Tjörneshreppi; enginn fulltrúi
- frá Svalbarðshreppi; enginn fulltrúi
- frá Langanesbyggð; Reynir Atli Jónsson

Fundinn sátu einnig eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna; Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps og Elías Pétursson sveitarstjóri Langanesbyggðar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði honum. Bauð hann fundarmenn velkomna og leitaði eftir því hvort fundarmenn gerðu athugasemd við það að tveir fulltrúar tækju þátt í fundinum í gegnum síma. Engar athugasemdir voru gerðar og var gengið til dagskrár.

#### **Þetta gerðist:**

#### **1. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð**

Fyrir liggja kröfur frá Brú lífeyrissjóði vegna uppgjors á hlut héraðsnefndarinnar í áföllnum skuldbindingum A-deildar sjóðsins m.v. 31. maí 2017, þ.e. í svokallaðan jafnvægsissjóð, að upphæð kr. 7.294.260,- Krafan er byggð á ákvæðum laga nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 varðandi lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, þ.m.t. starfsmanna sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana. Fyrir liggur minnisblað frá PwC þar sem gerð er grein fyrir kröfunni og forsendum hennar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu, þ.m.t. að farið hefði verið yfir réttmæti kröfunnar hvað varðar þá einstaklinga og tímabil réttindaávinnslu sem krafa Brúar byggist á.

Málið rætt og fundarmenn sammála um að illa hefði verið staðið að vinnslu málsins og kynningu gagnvart sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Að umræðu lokinni var svohljóðandi afgreiðslutillaga borin upp og samþykkt samhljóða:

*Héraðsnefnd Þingeyinga bs. samþykkir að greiða framlagt uppgjör frá lífeyrissjóðnum Brú með fyrirvara um að undirliggjandi gögn og útreikningar sem á þeim byggja séu rétt. Jafnframt áskilur héraðsnefndin sér rétt til endurkröfu ef útreikningar og/eða aðrar forsendur standast ekki. Héraðsnefnd Þingeyinga bs. telur að vinnubrögð við framlagningu gagna sem og afgreiðslu- og greiðslufrestir sem gefnir eru séu óásættanleg, enda um að ræða veigamikið mál sem hefur mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaganna.*

Jafnframt var samþykkt samhljóða að óska eftir því við sveitarfélögin að þau gerðu kröfuna upp með sérstakri eingreiðslu til héraðsnefndarinnar.

Sif Jóhannesdóttir yfirgaf fundinn að þessari afgreiðslu lokinni.

## 2. Formbreyting á starfsemi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála en fyrir liggur skv. svörum í tölvupósti frá ríkisskattstjóra að sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri eru undanþegnar tekjuskatti svo fremi að skýr ákvæði séu í samþykktum þeirra um að skilgreindur tilgangur starfseminnar sé í þágu almannaheilla og þar komi fram að hagnaði verði einungis varið til skilgreindrar starfsemi og að við slit stofnunarinnar skuli eignir hennar umfram skuldir renna til verkefna eða aðila með sömu eða sambærileg markmið.

Næsta skref er að boða til hluthafafundar í atvinnuþróunarfélaginu til afgreiðslu á málinu og síðan er gert ráð fyrir slitafundi félagsins og stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar í júní að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

## 3. Þingeyjarverkefnið

Fyrir fundinum lá tillaga skipulagshönnuða ásamt greinargerð að deiliskipulagi Þingeyjar og Skuldabíngseyjar ásamt aðkomusvæði.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir næstu skrefum í málinu, en stefnt er að fundi með samstarfsaðilum, þ.e. sameigendum að landinu, sveitarfélaginu og öðrum hagsmunaaðilum, 14. mars nk. til að fara yfir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu. Að því loknu og gefnu að þurfi að gera verulegar breytingar á henni, verður tillagan send skipæagsyfirvöldum í Þingeyjarsveit til umfjöllunar og afgreiðslu.

## 4. Önnur mál

- Kristján Þór Magnússon spurðist fyrir um stöðu mála varðandi breytta legu/uppbyggingu Norðaustueveggar (vegnr. 85) um Skjálfafljót. Fram kom í svörum fulltrúa Þingeyjarsveitar að sameiginleg tillaga sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar að veglínu lægi fyrir og næstu skref væru að kynna þá tillögu fyrir hlutaðeigandi landeigendum.
- Rætt um starfsumhverfi sveitarstjórnarfólks og þá sérstaklega þær tillögur sem eru í vinnslu hjá Norðurþingi og miða að því að fækka nefndum og auka fundartíðni þeirra til að bæta skilvirkni stjórnarsýslunnar. Jafnframt er breytingunum ætlað að bæta vinnuumhverfi kjörinna fulltrúa með því að færa stærri hluta starfsins inná eðlilegan dagvinnutíma.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:35